

# Skeljungur hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar  
1. janúar til 30. júní 2018

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Yfirlit um heildarafkomu .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Eiginfjárfirlit .....	8
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

---

Samandreginn árslutareikningur Skeljungs hf. hefur að geyma samstæðureikning Skeljungs hf. og dótturfélaga þess fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2018. Reikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal um árslutareikninga, IAS 34, og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

Heildartekjur samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2018 voru 21.787 millj. kr. (2017: 24.732 millj. kr.) og hagnaður nam 851 millj. kr. (2017: 728 millj. kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi 30. júní 2018 námu eignir samstæðunnar 22.949 millj. kr. (2017: 20.999 millj. kr.) og skuldir 14.855 millj. kr. (2017: 13.118 millj. kr.). Eigið fé nam 8.093 millj. kr. (2017: 7.881 millj. kr.) og var eiginfjárlutfall 35% (2017: 38%).

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árslutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal um árslutareikninga IAS34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Það er álit stjórnar og forstjóra að árslutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2018 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 30. júní 2018.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árslutareikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2018 gefi glöggt yfirlit um árangur af rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Skeljungs hf. hafa í dag fjallað um árslutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2018 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. ágúst 2018.

## Stjórn

\_\_\_\_\_  
Jón Diðrik Jónsson, formaður

\_\_\_\_\_  
Birna Ósk Einarsdóttir

\_\_\_\_\_  
Gunn Ellefsen

\_\_\_\_\_  
Jens Meinhard Rasmussen

\_\_\_\_\_  
Baldur Már Helgason

## Forstjóri

\_\_\_\_\_  
Hendrik Egholm

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Skeljungs hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning samstæðu Skeljungs, fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2018, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar.

Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar sé í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 „Árshlutareikningar“.

Reykjavík, 28. ágúst 2018.

*KPMG ehf.*

## Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2018

		2018	2017	2018	2017
Skýr.	1.4 - 30.6.	1.4 - 30.6.	1.1. - 30.6	1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
Sala .....	4	11,879	13,496	21,787	24,732
Kostnaðarverð seldra vara .....	5	( 9,900)	( 11,551)	( 18,063)	( 21,127)
<b>Framlegð.....</b>		<b>1,979</b>	<b>1,945</b>	<b>3,725</b>	<b>3,605</b>
Aðrar rekstrartekjur .....		55	26	206	52
Laun og launategd gjöld .....		( 498)	( 519)	( 957)	( 996)
Sölu- og dreifingarkostnaður .....		( 524)	( 430)	( 1,023)	( 867)
Annar rekstrarkostnaður .....		( 105)	( 146)	( 229)	( 290)
		( 1,127)	( 1,095)	( 2,209)	( 2,154)
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA).....</b>		<b>907</b>	<b>876</b>	<b>1,722</b>	<b>1,503</b>
Afskriftir rekstrarfjármuna .....		( 204)	( 189)	( 402)	( 379)
<b>Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT).....</b>		<b>703</b>	<b>687</b>	<b>1,320</b>	<b>1,124</b>
Fjármunatekjur .....		3	6	9	11
Fjármagnsgjöld .....		( 138)	( 108)	( 218)	( 235)
		( 134)	( 102)	( 209)	( 224)
Áhrif hlutdeildarfélaganna .....		( 26)	0	( 42)	0
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>		<b>543</b>	<b>585</b>	<b>1,069</b>	<b>901</b>
Tekjuskattur .....	6	( 108)	( 113)	( 218)	( 173)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>		<b>435</b>	<b>473</b>	<b>851</b>	<b>728</b>
		0			
<b>Skipting hagnaðar</b>					
Eigendur móðurfélags .....		454	473	853	728
Minnihluti í dótturfélögum .....		( 19)	0	( 2)	0
		435	473	851	728
<b>Hagnaðarhlutur:</b>					
Hagnaður á hlut .....		0.21	0.23	0.41	0.35
Þynntur hagnaður á hlut .....		0.21	0.22	0.41	0.34

Skýringar á blaðsíðum 10-14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

## Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. júní 2018

	2018	2017	2018	2017
Skýr.	1.4. - 30.6.	1.4 - 30.6.	1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
Hagnaður tímabilsins .....	<u>435</u>	<u>473</u>	<u>851</u>	<u>728</u>
<b>Liðir færðir beint á eigið fé sem síðar kunna að verða endurflokkaðir í rekstrarreikningi:</b>				
Þýðingarmunur hlutdeildar- og dótturfélaga .....	58 (	103) (	37) (	53)
Þýðingamunur vegna áhættuvarna hreinnar fjárfestingar .....	( 26)	( 19)	32 (	19)
Tekjuskattsáhrif vegna varna hreinna fjárfestinga .....	<u>5</u>	<u>4</u>	<u>( 6)</u>	<u>4</u>
	37 (	118) (	68) (	68)
<b>Heildarhagnaður tímabilsins .....</b>	<b><u>472</u></b>	<b><u>355</u></b>	<b><u>840</u></b>	<b><u>660</u></b>
<b>Skipting heildarhagnaðar</b>				
Eigendur móðurfélags .....	491	355	842	660
Minnihluti í dótturfélögum .....	( 19)	0 (	2)	0
	<u>472</u>	<u>355</u>	<u>840</u>	<u>660</u>

Skýringar á blaðsíðum 10-14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

## Efnahagsreikningur 30. júní 2018

	Skýr.	30.06.2018	31.12.2017
<b>Fastafjármunir</b>			
Viðskiptavild .....		3,196	3,217
Aðrar óefnislegar eignir .....		665	689
Rekstrarfjármunir .....		9,663	9,589
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum .....		496	450
Langtímakröfur .....		2	7
Fastafjármunir		<u>14,021</u>	<u>13,952</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....		2,862	2,869
Viðskiptakröfur .....		4,989	3,409
Aðrar skammtímakröfur .....	7	486	341
Handbært fé .....		591	428
Veltufjármunir		<u>8,927</u>	<u>7,047</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><b>22,949</b></u>	<u><b>20,999</b></u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		2,053	2,077
Yfirverðsreikningur hlutfjár .....		3,210	3,210
Bundnir eiginfjárreikningar .....		312	143
Óráðstafað eigið fé .....		2,470	2,442
Eigið fé hluthafa móðurfélags		<u>8,045</u>	<u>7,872</u>
Hlutdeild minnihluta .....		49	9
Eigið fé samtals		<u>8,093</u>	<u>7,881</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Tekjuskattsskuldbinding .....	8	610	609
Skuldir við lánastofnanir .....	9	5,378	4,875
Langtímaskuldir og skuldbindingar		<u>5,988</u>	<u>5,484</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	9	2,868	2,017
Viðskiptaskuldir .....		2,065	2,086
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum .....	9	414	366
Skuldir við tengd félög .....	(	0)	83
Tekjuskattur til greiðslu .....		220	255
Aðrar skammtímaskuldir .....		3,300	2,827
Skammtímaskuldir		<u>8,867</u>	<u>7,635</u>
Skuldir samtals		<u>14,855</u>	<u>13,118</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><b>22,949</b></u>	<u><b>20,999</b></u>

Skýringar á blaðsíðum 10-14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

## Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. júní 2018

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Varasjóður v. kaupréttar- samninga	Þyðingar- munur	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé hluthafa móðurfélags	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
2017										
Eigið fé hluthafa 31.12.2016 .....	2,100	3,115	370	37	( 1,150)	633	2,008	7,112	0	7,112
Hagnaður tímabilsins .....							728	728		728
Önnur heildarafkoma .....					( 68)			( 68)		( 68)
Heildarhagnaður tímabilsins .....					( 68)	0	728	660	0	660
Bundið vegna hlutdeildar í dóttur- og hlutdeildarfélagum .....						180	( 180)	0		
Breyting á minnihlutaeign .....							0	0	9	9
Lagt í lögbundinn varasjóð .....			37				( 37)	0		0
Staða 30.06.2017 .....	2,100	3,115	406	37	( 1,218)	813	2,519	7,772	9	7,781
2018										
Eigið fé hluthafa 31.12.2017 .....	2,077	3,210	407	1	( 1,132)	867	2,442	7,872	9	7,881
Hagnaður tímabilsins .....							853	853	( 2)	851
Önnur heildarafkoma .....					( 11)			( 11)		( 11)
Heildarhagnaður tímabilsins .....					( 11)	0	853	842	( 2)	840
Bundið vegna hlutdeildar í dóttur- og hlutdeildarfélagum .....					11	143	( 154)	0		0
Lagt í lögbundinn varasjóð .....			26				( 26)	0		0
Úthlutaður arður til hluthafa .....							( 500)	( 500)		( 500)
Keypt eigin bréf .....	( 25)						( 145)	( 169)		( 169)
Breyting á minnihlutaeign .....							0	0	42	42
Staða 30.06.2018 .....	2,053	3,210	433	1	( 1,132)	1,010	2,470	8,045	49	8,093

Skýringar á blaðsíðum 10-14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.



## Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2018

	Skýr. 2018 1.1. - 30.6	2017 1.1. - 30.6
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Hagnaður tímabilsins .....	853	728
Leiðrétt fyrir:		
Afskriftir .....	402	379
Áhrif hlutdeildarféлага .....	36	0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	203	224
Söluhagnaður (-tap) eigna .....	( 103)	2
Tekjuskattur .....	6 218	173
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	1,608	1,505
<b>Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:</b>		
Vörubirgðir, breyting .....	( 1)	( 454)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting .....	( 1,794)	( 2,006)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting .....	261	1,016
	( 1,534)	( 1,444)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	74	61
Innborgaðar vaxtatekjur .....	9	11
Greidd vaxtagjöld .....	( 212)	( 252)
Greiddur tekjuskattur .....	( 69)	( 45)
Handbært fé til rekstrar	( 198)	( 225)
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	( 384)	( 300)
Söluverð rekstrarfjármuna .....	126	10
Fjárfest í hlutdeildarfélögum .....	( 122)	0
Verðbréf, breyting .....	4	1
Fjárfestingarhreyfingar	( 375)	( 289)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Innborgun hlutafjár .....	25	0
Selt hlutafé til minnihluta í dótturfélagi .....	0	9
Kaup á eigin bréfum .....	( 169)	0
Afborganir langtímalána .....	( 69)	( 4,264)
Tekin ný langtímalán .....	660	4,589
Greiddur arður .....	( 500)	0
Skuld við tengd félög .....	( 71)	0
Handbært fé frá félagi í samstæðu .....	9	0
Skammtímalán, breyting .....	853	503
Fjármögnunarhreyfingar	738	838
<b>Hækkun á handbæru fé</b> .....	164	323
<b>Handbært fé í byrjun árs</b> .....	428	185
<b>Gengismunur á handbæru fé</b> .....	( 2)	0
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b> .....	591	508

Skýringar á blaðsíðum 10-14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

# Skýringar

## 1. Félagið

Skeljungur hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag með lögheimili á Íslandi. Skráð heimilisfang er Borgartún 26, Reykjavík. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess (sem vísað er til í heild sem „samstæða“ og eitt og sér sem „félag“) og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

Megintilgangur félagsins er innflutningur, birgðahald, sala og dreifing á eldsneyti og eldsneytistengdum vörum. Að auki selur félagið efnavöru og áburð og ýmsa smávöru. Samstæðan starfar á tveimur landfræðilegum mörkuðum, á Íslandi og í Færeyjum. Félagið selur einnig vöru og þjónustu til skipa á Norður-Atlantshafinu, í gegnum eigin birgðastöðvar og birgðastöðvar samstarfsaðila á svæðinu. Á Íslandi á og rekur Skeljungur 65 eldsneytisstöðvar og 4 birgðastöðvar. Í Færeyjum á og rekur félagið 11 smávöruverlanir og eldsneytisstöðvar og 2 birgðastöðvar. Í báðum löndum er viðskiptavinahópur félagsins breiður og spannar frá einstaklingum til stofnana og fyrirtækja í öllum geirum samfélagsins. Skeljungur á vörumerkin Orkan, á Íslandi, og Magn, í Færeyjum.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

Samandreginn árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesast í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2017 sem er aðgengilegur á heimasíðu félagsins [www.skeljungur.is](http://www.skeljungur.is).

Stjórn Skeljungs samþykkti árshlutareikninginn 28. ágúst 2018.

### b. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð samandregins árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2017 fyrir utan í upphafi ársins 2018 tóku gildi tveir nýir reikningsskilastaðlar, IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavini og IFRS 9 Fjármálagerningar.

Áhrif innleiðingar IFRS 9 á samstæðuna miðað við núverandi starfsemi hennar eru aðallega að aðferðafræði við mat á niðurfærslu krafna breytist, en samkvæmt staðlinum ber að færa miðað við vænt tap við ákvörðun á niðurfærslu í stað áfallins taps (eða áorðins taps, e. expected loss). Þessi breytta aðferðafræði hefur óveruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar. Ef starfsemi samstæðunnar mun breytast svo sem með aukinni áherslu á fjárfestingarstarfsemi, mun staðallinn eftir atvikum hafa áhrif á færslu og mat fjármálagerninga hennar. IFRS 15 nær til sölu á vörum og þjónustu og setur heildstæðan ramma um veitingu upplýsinga til notenda reikningsskila um eðli, fjárhæð, tímasetningu og óvissu í tekjum og sjóðstreymi af samningum við viðskiptavini. Samkvæmt fimmskrefatekjuskráningarlíkani IFRS15 skal haga tekjuinnlausn á þann veg að hún endurspeglir afhendingu vöru og þjónustu til viðskiptavinar og þar með flutning yfirráða til hans. Tekjulíkan IFRS 15 er því ólíkt eldri reikningsskilareglum þar sem tekjuinnlausn byggðist á yfirfærslu áhættu og ávinnings. Upptaka IFRS 15 hafði ekki áhrif á árshlutareikninginn utan þess að tekjur eru sundurliðaðar itarlegar í þessum árshlutareikningi samanborið við fyrri árshlutareikninga, sjá skýringu nr. 4.

### c. Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill

Árshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum (ISK), sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

### d. Mat og ákvarðanir

Gerð reikningsskila í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

### e. Árstíðarbundnar sveiflur

Umsvif félagsins eru jafnan nokkru meiri á 2. og 3. ársfjórðungi en á 1. og 4. fjórðungi. Bókfært verð rekstrartengdra eigna og skulda er því að jafnaði lægra í lok 1. og 4. fjórðungs en í lok 2. og 3. fjórðungs.

## Skýringar, frh.:

### 3. Landfræðileg skipting

Við framsetningu upplýsinga hér að neðan er byggt á landfræðilegri staðsetningu félaga í samstæðu.

#### Árið 2018

##### Rekstrarreikningur 1.1. - 30.6.

	Ísland	Færeyjar	Samtals
Heildartekjur .....	14,982	7,120	22,102
Tekjur innan samstæðu .....	( 314)	0	( 314)
Tekjur utan samstæðu .....	14,668	7,120	21,787
Framlegð .....	2,656	1,069	3,725
EBITDA .....	1,180	542	1,722
EBIT .....	864	456	1,320

##### Efnahagsreikningur 30.6.

Fastafjármunir .....	10,149	3,872	14,021
Veltufjármunir .....	7,065	1,862	8,927
Eignir samtals .....	17,214	5,734	22,949
Langtímaskuldir .....	4,674	1,314	5,988
Skammtímaskuldir .....	7,091	1,776	8,867
Skuldir samtals .....	11,766	3,090	14,855

#### Árið 2017

##### Rekstrarreikningur 01.01. - 30.6.

	Ísland	Færeyjar	Samtals
Heildartekjur .....	19,213	6,316	25,529
Tekjur innan samstæðu .....	( 797)	0	( 797)
Tekjur utan samstæðu .....	18,415	6,316	24,732
Framlegð .....	2,616	989	3,605
EBITDA .....	992	511	1,503
EBIT .....	691	434	1,124

##### Efnahagsreikningur 31.12.

Fastafjármunir .....	9,968	3,984	13,952
Veltufjármunir .....	5,133	1,914	7,047
Eignir samtals .....	15,101	5,898	20,999
Langtímaskuldir .....	4,090	1,394	5,484
Skammtímaskuldir .....	5,656	1,979	7,635
Skuldir samtals .....	9,746	3,373	13,118

### 4. Sala

Sala greinist þannig:

	2018 1.1. - 30.6.	2017 1.1. - 30.6.
Eldsneyti .....	19,962	22,997
Önnur vörusala .....	1,825	1,735
Sala samtals .....	21,787	24,732

Skipting sölu eftir vörutegundum

Bensín og dísel .....	10,284	8,328
Flugvélaeldsneyti .....	1,695	8,556
Skipaeldsneyti .....	6,241	4,680
Annað eldsneyti .....	1,742	1,433
Aðrar vörur .....	1,825	1,735
Sala samtals .....	21,787	24,732

## Skýringar, frh.:

### 5. Kostnaðarverð seldra vara

Kostnaðarverð seldra vara greinist þannig:	<b>30.6.2018</b>	<b>30.6.2017</b>
Eldsneyti .....	16,780	19,979
Aðrar vörur .....	1,282	1,148
Kostnaðarverð seldra vara samtals .....	<u>18,063</u>	<u>21,127</u>

### 6. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

Ógreiddur tekjuskattur .....	220	165
Frestaður tekjuskattur .....	( 2)	8
Gjaldfærður tekjuskattur .....	<u>218</u>	<u>173</u>

Virkur tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	1.1.- 30.6.2018		1.1.- 30.6.2017	
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		1,069		901
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall ....	20.00%	220	20.00%	180
Áhrif skatthlutfalla hjá erlendu dótturfélagi .....	0.67% ( 7)		0.92% ( 8)	
Aðrir liðir .....	( 0.51%)	5	( 0.12%)	1
Tekjuskattur í rekstrarreikningi .....	<u>20.16%</u>	<u>218</u>	<u>20.81%</u>	<u>173</u>

### 7. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	<b>30.6.2018</b>	<b>31.12.2017</b>
Kröfur á hið opinbera .....	395	319
Næsta árs afborgun langtímakrafna .....	13	12
Aðrar kröfur .....	78	10
Aðrar skammtímakröfur í lok ársins .....	<u>486</u>	<u>341</u>

### 8. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:	<b>30.6.2018</b>	<b>31.12.2017</b>
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun .....	609	612
Þýðingarmunur .....	( 1)	16
Tekjuskattur vegna eiginfjárhreyfinga .....	2 ( 28)	
Reiknaður tekjuskattur af áframhaldandi starfsemi .....	218	173
Tekjuskattur til greiðslu .....	( 218)	( 165)
Tekjuskattsskuldbinding í lok ársins .....	<u>610</u>	<u>609</u>

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig á einstaka liði

Rekstrarfjármunir .....	537	535
Óefnislegar eignir .....	68	71
Vörubirgðir .....	11	16
Viðskiptakröfur .....	19	5
Frestun gengismunar .....	( 18)	( 21)
Aðrir liðir .....	( 5)	4
Tekjuskattsskuldbinding í lok ársins .....	<u>610</u>	<u>609</u>

## Skýringar, frh.:

### 9. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

#### Skilmálar vaxtaberandi skulda

Lokagjalddagar	30.6.2018		31.12.2017		
	Meðalvextir	Bókfært verð	Meðalvextir	Bókfært verð	
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:					
Skuldir í DKK .....	2027	2.5%	3,903	2.5%	3,340
Skammtímalán í USD .....	2019	5.2%	670	4.7%	509
Skammtímalán í DKK .....	2018	2.5%	32	2.5%	203
			4,605		4,052
Skuldir í íslenskum krónum:					
Óverðtr. langtímalán .....	2022	5.2%	1,889	5.0%	1,901
Óverðtr. skammtímalán .....	2019	5.4%	2,166	5.2%	1,305
			4,055		3,206
Vaxtaberandi skuldir samtals .....			8,660		7,258

Afborganir langtímaskulda greinast þannig næstu ár:

	30.6.2018
1.7.2018 - 30.6.2019 .....	414
1.7.2019 - 29.6.2020 .....	418
1.7.2020 - 30.6.2021 .....	424
1.7.2021 - 30.6.2022 .....	2,222
1.7.2022 - 30.6.2023 .....	407
Síðar .....	1,907
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	5,792

### 10. Áhættuvarnarreikningsskil

Þann 21. apríl 2017 byrjaði félagið að beita áhættuvarnarreikningsskilum um hreina fjárfestingu vegna gjaldeyrisáhættu sem myndast milli starfrækslugjaldmiðils dótturfélagsins Magn P/F, í dönskum krónum, og starfrækslugjaldmiðils félagsins, í íslenskum krónum. Fjárfesting félagsins í Magn er varin að hluta með lántöku félagsins í dönskum krónum, en bókfært verð lántökunnar var 160 millj. danskar krónur þann 30. júní 2018. Félagið hefur tilgreint alla lántökuna sem áhættuvarnargerning vegna gjaldeyrisáhættu sem myndast vegna samsvarandi fjárhæðar af hreinni heildarfjárfestingu í Magn.

Félagið mælir virkni áhættuvarnarinnar út frá fjárhæð hreinnar eignar sem varin er. Að svo miklu leyti sem áhættuvörnin er virk er þyðingarmunurinn vegna lántökunnar færður í aðra heildarafkomu og safnast inn á áhættuvarnarreikning meðal eiginfjár. Félagið mun endurflokka þyðingarmuninn af eigin fé yfir í rekstrarreikning ef félagið selur Magn. Félagið færir alla óvirkni, ef einhver er, strax í rekstrarreikning. Engin óvirkni var vegna áhættuvarnar á hreinni fjárfestingu vegna gjaldeyrisáhættu á tímabilinu.

### 11. Félög í samstæðunni

Eftirfarandi félög eru innifalin í samstæðureikningsskilunum:

	Eignarhlutur	
	30.6.2018	31.12.2017
Bensinorkan ehf., Reykjavík .....	100%	100%
Tollvörugemysla Skeljungs ehf., Reykjavík .....	100%	100%
P/F Magn, Færeyjar .....	100%	100%
Íslenska vetnisfélagið ehf. ....	90%	90%
Barkur ehf, Reykjavík .....	67%	67%

## Skýringar, frh.:

### 11. Atburðir eftir reikningsskiladag

Þann 22. ágúst 2018 samþykkti Samkeppniseftirlit Færeyja kaup P/F Magn, dótturfélagi Skeljungs hf., á 70% hlut í P/F Demich. Kaupin og afhending hluta mun fara fram þann 1. september 2018. Demich er leiðandi fyrirtæki í umhverfisvænum húshitunarlausnum til færeyskra heimila og fyrirtækja.

### 12. Önnur mál

Frummatskýrsla Samkeppniseftirlitsins, sem fól í sér athugun á því hvort grípa þyrfti til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem koma í veg fyrir, takmarka eða hafa skaðleg áhrif á samkeppni almennings til tjóns, var birt 30. nóvember 2015. Þess ber að geta að rannsóknin beindist ekki sérstaklega að félaginu sjálfu heldur eldsneytismarkaðinum í heild. Öllum aðilum tengdum eldsneytismarkaðnum var gefið færi á að koma með athugasemdir við skýrsluna og lagði Skeljungur fram rökstuddar athugasemdir sínar þar sem niðurstöðunni, aðferðafræði við útreikninga og forsendum útreikninga var harðlega mótmælt. Þann 21. september 2016 hélt Samkeppniseftirlitið svo opinn fund um málið þar sem farið var yfir niðurstöður skýrslunnar og rætt við sérfræðinga og aðila tengda eldsneytismarkaðinum. Ef til þess kemur að Samkeppniseftirlitið beini tilmælum til markaðsaðila um einhvers konar breytingar er ráðgert að það verði fyrir lok árs.

Sambærileg rannsókn fór fram af hálfu færeyska samkeppniseftirlitsins sem gaf út skýrslu um olíumarkaðinn. Félaginu er ekki kunnug um áframhald skoðunar færeyska samkeppniseftirlitsins.

Rannsóknirnar höfðu hvorki áhrif á rekstur né fjárhagsstöðu samstæðunnar á tímabilinu.

### 13. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar:	2018	2017
	1.1. - 30.6.	1.1. - 30.6.
Rekstur:		
Framlegð í hlutfalli af sölu .....	17.1%	14.6%
EBITDA / Framlegð .....	46.2%	41.7%
EBIT / Framlegð .....	35.4%	31.2%
Laun / Framlegð .....	25.7%	27.6%
Sölu og dreifingarkostnaður / Framlegð .....	27.5%	24.1%
Rekstrarkostnaður / Framlegð .....	59.3%	59.7%
Arðsemi eigin fjár (ársgrundvelli) .....	21.9%	20.5%
Efnahagur:	<b>30.6.2018</b>	<b>31.12.2017</b>
Veltufjórhlutfall - veltufjórmunir/skammtímaskuldir .....	1.01	0.92
Lausafjórhlutfall - (veltufjórmunir - birgðir) / skammtímaskuldir .....	0.68	0.55
Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA (sl. 12 mánaða) .....	2.84	2.61
Eiginfjórhlutfall - eigið fé / eignir samtals .....	35.3%	37.5%
Innra virði hlutfjár .....	3.9	3.8